



15. maí 2017

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

## Aukin velta í dagvöru og lægra verð

Velta dagvöruverslana í apríl jókst um 9,3% að nafnvirði frá sama mánuði í fyrra og um 12,6% að raunvirði. Skýringuna á þessari aukningu má að mestu rekja til þess að páskafríðir voru í apríl síðastliðnum en ekki í samanburðarmánuðinum í fyrra - heldur í mars. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessum árstíðamun nemur veltuaukningin að raunvirði um 6,9%. Samkvæmt þessu er greinilegt að landsmenn gera betur við sig í mat og drykk en í fyrra. Verð á dagvöru er nú 2,9% lægra en fyrir ári samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar og fer lækkandi milli mánaða.

Innlend faraverslun heldur áfram að dala þó nokkur munur sé á milli einstakra verslanakeðja. Ræður þar nokkru að fataverslunum hefur fækkað. Þá er líklegt að áhrif tímasetningar páskana hafi ekki sömu áhrif í árssamanburði og þegar horft er til dagvöruverslana. Færri söludagar í apríl síðastliðnum en í samanburðarmánuðinum í fyrra hafa áhrif til lækkunar á veltu. Þá ferðuðust landsmenn mikið til útlanda í apríl og kortavelta Íslending erlendis jókst umtalsvert, en sem kunnugt er fer töluverður hluti fataverslunar Íslendinga fram erlendis.

Skýringin á því að velta í byggingavöruverslun í apríl minnkaði um 2% frá sama mánuði í fyrra er tvímælalaust vegna færri söludaga í apríl á þessu ári en í fyrra og því frekar um mánaðarsveiflu að ræða frekar en almennan samdrátt. Horft yfir veltu byggingavöruverslana síðustu sex mánaða í samanburði við sama tímabil í fyrra sýnir veltuaukningu um 11%.

### Verðlækkunarir

Verð í nánast öllum vöruflokkum hefur lækkað í árssamanburði. Þannig lækkaði til dæmis verð á svokölluðum brúnum raftækjum (sjónvörp, hljómtæki o.s.frv.), um 18% í apríl sl. frá apríl í fyrra samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar. Þó ber að hafa í huga að hugsanlegar gæðabreytingar á þessum vöru tegundum kunna að torveldar verðsamanburð. Velta á þessum tegundum raftækja jókst um 28% að raunvirði á síðasta tólf mánaða tímabili.

Pá lækkaði verð á rúmum um 8,3% og velta sérvorslana með rúm jókst um 45,4% að raunvirði á tímabilinu.

### Kortavelta íslenskra heimila

Greiðslukortavelta íslenskra heimila hér innanlands nam 62,8 milljörðum kr. í apríl og 11,9 milljörðum í útlöndum. Útlendingar keyptu hins vegar hér á landi með kortum sínum fyrir 18,2 milljarða. Munurinn á því sem Íslendingar greiddu með kortum sínum erlendis og útlendingar greiddu hér á landi nam því 6,4 milljörðum.

apríl 2017	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Árstíðaleiðrétt fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	3,5%	9,3%	4,0%	12,6%	0,2%	6,9%
Áfengi	1,6%	5,8%	1,6%	5,5%	-1,6%	4,4%
Föt	-8,9%	-24,3%	-8,9%	-20,7%	-4,2%	-13,6%
Skór	9,2%	-12,0%	9,4%	-13,3%	1,9%	-14,5%
Húsgögn	-9,9%	6,2%	-8,8%	15,8%	0,8%	15,2%
Byggingavörur	-7,2%	-2,0%	-6,8%	-0,6%		
Hvít raftæki	-10,9%	-7,6%	-12,5%	-2,9%	-0,3%	3,7%
Brún raftæki	-5,8%	5,0%	-6,1%	28,0%	-3,0%	18,1%
Farsímar	8,4%	-10,5%	8,6%	-4,2%	2,9%	-4,1%
Tölvur	0,0%	3,1%	2,5%	10,4%	3,3%	9,7%

#### [Talnaefni](#)

Velta í dagvöruverslun jókst um 9,3% á breytilegu verðlagi í apríl miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 12,6% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í apríl um 6,9% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru lækkaði um 2,9% á síðastliðnum 12 mánuðum og var í apríl 0,4% lægra en í mánuðinum á undan.

Sala áfengis jókst um 5,8% á breytilegu verðlagi í apríl miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 5,5% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta áfengisverslana í apríl um 4,4% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 0,3% hærra í apríl síðastliðnum og óbreytt frá mánuðinum á undan.

Fataverslun dróst saman um 24,3% í apríl miðað við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og dróst saman um 20,7% á milli ára á föstu verðlagi. Verð á fötum var 4,5%

lægra í apríl síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Velta skóverslunar minnkaði um 12% í apríl á breytilegu verðlagi og minnkaði um 13,3% á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum minnkaði skósala um -14,5% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Verð á skóm hækkaði í apríl um 1,5% frá apríl í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 6,2% meiri í apríl en í sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og jókst um 15,8% á föstu verðlagi. Velta sérverslana með rúm jókst um 33,3% frá því í fyrra á breytilegu verðlagi. Velta sérverslana með skrifstofuhúsgögn dróst saman um 18,9% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur lækkað um 8,3% á síðustu 12 mánuðum.

Verslun með byggingavörur minnkaði í apríl um 2% í apríl á breytilegu verðlagi og dróst saman um 0,6% á föstu verðlagi. Verð á byggingavöru er 1,4% lægra en fyrir tólf mánuðum síðan. Þá jókst velta gólfefnaverslana um 3,9% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra.

Velta í sölu á tölvum jókst í apríl um 3,1% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og farsímasala dróst saman um 10,5%. Sala minni raftækja, svokallaðra brúnvara, jókst um 5% á breytilegu verðlagi en sala stærri raftækja, svokallaðra hvítvara, dróst saman um 7,6% á milli ára.

*Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson arni@bifrost.is og í síma 868-4341*